


Keiluskurður í staðdeyfingu



Keiluskurður er gerður til að fjarlægja frumubreytingar sem greinst hafa í leghálsi. Frumubreytingar sem greinast við reglubundna krabbameinsskoðun eða eftir leghálsspeglun geta þróast í krabbamein á mörgum árum. Þess vegna eru þær fjarlægðar. Áhættan sem fylgir aðgerðinni er lítil en alltaf er hætt á blæðingu og sýkingu í skurðsári.

Lyf

Taka má inn eigin lyf fyrir aðgerð nema blóðþynningarlyf. Ef þú ert á blóðþynningu þarftu að láta vita þegar þú ert kölluð inn í aðgerð svo hægt sé að skipuleggja aðgerðina með tilliti til þess.

Aðgerðardagur

Mikilvægt er að borða staðgóðan morgunverð og ekki vera fastandi. Fyrir komu á deild þarf að vera búð að fara í sturtu, þurrka sér með hreinu handklæði og klæðast hreinum fötum.

Þú mætir á kvenlækningadeild 21A sem er á 1. hæð kvennadeildarhúss Landspítala við Hringbraut. Þar skráir þú þig inn í móttökustand í afgreiðslu og sest í biðstofu í anddyri. Starfsmaður vitjar þeirra sem mæta til aðgerðar á biðstofu.

Aðgerðin

Aðgerðin er gerð í staðdeyfingu og framkvæmd á svipaðan hátt og kvenskoðun. Sett er áhald í leggöng sem heldur þeim opnum og gerð er ítarleg skoðun á leghálsi með smásjá. Lögð er staðdeyfing í leghálsinn og svo er lítill bútur skorinn af. Heildarferlið tekur 10 til 15 mínútur. Bitinn sem er fjarlægður frá leghálsinum er sendur í vefjagreiningu. Sent er bréf með niðurstöðu vefjagreiningar í pósti innan þriggja vikna frá aðgerð.

Eftir aðgerð

Eftir aðgerð er ekki nauðsynlegt að hvíla sig sérstaklega. Flestar konur geta mætt í vinnu/skóla daginn eftir aðgerð. Ef unnin er líkamlega þung vinna er mælt með að vera heima í 2-7 daga. Erfið líkamsrækt getur aukið blæðingu innan tveggja vikna frá aðgerð. Vegna hættu á blæðingu er ekki ráðlagt að ferðast erlendis fyrstu þrjár vikurnar en óhætt er að fljúga innanlands daginn eftir aðgerð.

Verkir og verkjalyf

Flestir finna fyrir litlum sem engum verkjum eftir aðgerðina. Ef þörf er á er mælt með parasetamóli og íbúprófeni til verkjastillingar fyrir þá sem það þola. Hámarksskammtar af parasetamóli eru 1 g fjórum sinnum á sólarhring og íbúprófen 400 mg fjórum sinnum á sólarhring.

Blæðingar

Eðlilegt er að það blæði frá leggöngum í 1-3 vikur eftir aðgerðina. Blæðingin á að vera minni en venjuleg tíðablæðing. Eftir 8-12 daga getur blæðingin aukist tímabundið og verið ferskari. Það getur einnig verið illa lyktandi útfærð á sama tíma. Aðgerðin breytir ekki tíðahringnum þannig að tíðablæðing hefst á réttum tíma.

Hvað ber að varast:

Til að sárið grói sem best og sýkingarhætta minnki ættir þú næstu 4 -5 vikur **ekki** að:

- Hafa samfarir
- Nota tíðatappa eða álfabikar
- Fara í baðkar, sund eða heita potta

Almennar ráðleggingar

Ekki er þörf á endurkomu eftir aðgerð en það er mikilvægt að fara áfram í regluleg frumustrok. Um 30% kvenna eru með viðvarandi frumubreytingar þrátt fyrir keiluskurð og því er eftirlit gríðarlega mikilvægt.

Reykingar auka líkurnar á því að þú losnir ekki við frumubreytingar. Ef þú reykir getur þú minnkað líkurnar á viðvarandi frumubreytingum með því að hætta að reykja.

Aðgerðin hefur ekki áhrif á frjósemi en endurteknir keiluskurðir geta stýtt leghálsinn og aukið líkur á fósturmissi. Ekki er mælt með þungun fyrstu þrjá mánuðina eftir aðgerð.

Hafa þarf samband við deild ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð:

- Blæðing er það mikil að stórt bindi (næturbindi eða sambærileg) fyllist á innan við 30 mínútum í meira en tvær klukkustundir.
- Hiti er yfir 38°C.
- Illa lyktandi útferð í meira en 10 daga.
- Miklir verkir eru í kvið sem verkjalyf slá ekki á.

Símanúmer

Móttaka kvenlækningadeildar 21A er opin virka daga frá kl. 8-16, sími 543 3224. Ef eitthvað kemur upp á sem ekki getur beðið til næsta dags má hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og biðja um samband við legudeild kvenlækningadeildar 21A. Ef um brátt ástand er að ræða á að hafa samband við 112.

Starfsfólk kvenlækningadeildar óskar þér góðs bata.

Til minnis

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyrið um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI
ÁGÚST 2020
LSH-1961

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR KVENLÆKNINGA OG
DEILDARSTJÓRI 21A

HÖNNUN:

SAMSKIPTADEILD